



Hugrenningar að vori – áður en af stað er haldið

Ekki veit ég hvort Dr. Sigmundur Freud stundaði veiðiskap að neinu leyti, en eitt af hans mörgu verkum var 900 blaðsíðna bók Draumatúlkun (Die Traumdeutung). Þar setur Freud fram draumakenningu byggða á niðurstöðum af ótal draumfrásögnum, bæði hans eigin og annarra. Megininntak þessarar kenningar er að draumar séu táknrænar svalanir bæðra hvata sem endurspegli þrjár og hvatir dreymanda. Hver draumur fyrir sig sé tvíþátta; annarsvegar hið ljósa inntak, draumurinn eins og hann birtist dreymanda, og hinsvegar hið óljósa eða dulda inntak sem veiti frekari vísbendingu um merkingu draumsins. Nú þegar vorið skriður yfir eyjunna og upp bakíð á náttúrunnendum eins og til að mynda fluguveiðimönnum, gætir oft spennu sem jafnvel mætti kalla fyrirtíðarspennu. Ekki laust við það að væntingum sé lyft á hærri stall en til fyrstu veiðiferðar er haldið en annarra ferða. Búið jafnvel að fara vel yfir í huganum hvað á fyrst að setja undir, hvað taumurinn á að vera langur, á hvaða veiðistað skal byrja á, og jafnvel eru sumir veiðimenn komnir með mynd af „fyrsta fisknum“ skýrt í hugar. Svo er byrjað að pakka meira af kappi en forsjá og nokkrir hlutir gleymast í hamaganginum, eins og góð peysa, sokkar eða jafnvel svefnpoki.

Draumar af fiskum geta tengst bættum fjárhag, til að mynda dreymi mann torfu af fisk í tæru vatni eða fullt net af fiski. Dreymi mann hinsvegar dauða fiska á landi er það fyrir vonbrigðum og mótlæti. Sama á við um að ef mann dreymir að hann bítu ekki á mun eitthvað fara úrskeiðis. Laxar og silungar í draumum eru fyrir upphæfð og góðum félagsskap. Ósagt skal hér látið hvað er satt og ósatt er kemur að draumatúlkunum tengdum veiðiskap, en hinsvegar eigum við það öll sameiginlegt að dreyma bæði í svefni og vöku (dagdraumar). Draumar hafa mismunandi vægi hjá fólki eftir t.d. hjátrú eða hvaða merkingar fólk er tilbúið til að leggja í drauma. Margir gefa sér aftur á móti ekki tíma til að hugsa um það sem þá dreymir, staldra við og leyfa sér að spá í minnstu smáatriði draumsins og taka hann jafnvel eitthvað lengra. Að sama skapi gefur yfirspennitur veiðimaður sér ekki tíma til að athuga hvort t.d. allt sé með áður en að af stað er farið, né heldur tíma til að skoða aðstæður þegar á veiðistað er komið þar sem viðkomandi er löngu búinn að ákveða hvaða agn á að nota. Svo ekki sé nú talað um ef fiskur er jafnvel uppi þegar að á veiðistað er komið. Þessi orð eru langt frá því að vera alhæfing um alla veiðimenn og auðvitað eru þeir margir sem hoknir eru af

reynslu fyrri ára gefa sér góðan tíma við bakkann fyrir fyrsta kast að lesa í aðstæður, velta steinum o.s.frv.

Góður vinur minn og veiðifélagi til margra ára er duglegur að fara sér hægt þegar á veiðistað er komið og kannski er það að hluta til útskýrt af uppsafnaðri „veiðireynslu“, en að hluta til hugsanlega af þeirri ástæðu að hin síðari ár fær hann greitt fyrir að horfa á aðra veiða nánast allt sumarið og langt fram á haust og er því í samfelldum veiðitúr allan tíman. Sameiginlegum veiðiferðum okkar hefur því miður fækkað mikið hin síðari ár. En þau skipti sem við náum tús saman á hann það til að ekki bara að fara sér hægt heldur að stunda það leggja sig í tíma og ótíma við bakkann og „ná sér í krúu“. Ugglaust dreymir hann ekki dauða fiska því hann er mjög fiskinn og þó ástundun hans sé ívið minni en annarra í kringum hann er hann iðulega aflahæstur. Er undirritaður farinn að hallast að því að góð ástundun stuttra draumfara samhliða veiðimennsku sé hin ákjósanlegasta aðferð. Ekki bara við að veiða heldur að njóta náttúrunnar afslappaður bæði í með- og ómeðvituðu ástandi. Hef ég ákveðið að leggja rækt við hvorutveggja á komandi sumri, hugsanlega með í bakpokanum draumráðningabók og uppblásinn axlastuðningspúða eins notast er við í flugvélum til skemmtunar, halds og trausts. Þá er bara um að gera að passa sig á að ekki veiða og sleppa í draumi því þá er ekkert víst að maður þurfi að sleppa í vöku. Njótið veiðisumarsins.

Koi #871



Skýrsla stjórnar á 42. aðalfundi Ármanna 9. mars 2016

Ágætu fundarmenn, fundarstjóri og ritari.

Áður en skýrsla stjórnar verður lesin vil ég biðja fundarmenn að rísa úr sætum og minnst þeirra félaga okkar sem féllu frá á árinu með stuttri þögn.

Skráður fjöldi Ármanna var um síðustu áramót 308. 13 gengu í félagið á liðnu ári en 10 úr því. Af gildum félögum greiða 59 ekki árgjald og 17 greiða hálf. Þar er um að ræða frífélaga annarsvegjar og maka og börn félagsmanna hinsvegjar. Rétt er að benda á lög félagsins, nánar tiltekið kafla tvö, grein sex og átta, í þessu sambandi.

Stjórn félagsins breyttist á seinasta aðalfundi, þegar til liðs við okkur kom Hjalti Hjartarson í stað Björns Grétars Sveinssonar.

Stjórn Ármanna starfsárið 2015 var þannig skipuð:

Formaður: Árni Þór Sigurðsson

Varaformaður: Eiríkur Stefánsson

Gjaldkeri: Jón Gestur Ólafsson

Ritari: Garðar Þór Magnússon

Meðstjórnendur: Gestur Traustason, Hjalti Hjartarson og Ólafur Óskar Jónsson.

Haldnir voru 11 bókaðir stjórnarfundir á starfsárinu auk margra óformlegra vinnu- og samráðsfunda með nefndum og öðrum.

Starfandi nefndir og sértæk umsvif félagsins voru skipuð eftirfarandi mönnum:

Húsnefnd: Hjálmar Theodorsson formaður, Ólafur Óskar Jónsson, Ómar Morthens, Páll Steingrímsson, Björn Grétar Sveinsson, Egill Örn Arnason og Jón Ólafur Loftsson.

Hlíðarvatnsnefnd: Halldór Sigurðsson formaður, Ásgeir Ásgeirsson, Kristján K. Haraldsson, Bjarni M. Svavarsson, Garðar Þór Magnússon og Eiríkur Indriði Bjarnason.

Ritnefnd: Eiríkur Stefánsson og Garðar Þór Magnússon ritstjórar og Dagur Jónsson umbrots og útlitshönnuður.

Umsjón heimasíðu: Eiríkur Stefánsson og Garðar Þór Magnússon.

Skoðunarmenn: Halldór Lárusson og Örn Guðmundsson og til vara Sveinn Agnarsson.

Fulltrúi Ármanna í LS: Árni Þór Sigurðsson.

Fulltrúi í stjórn leyfi.is: Jón Ólafur Skarphéðinsson og til vara Sigbjörn Kjartansson

Fjárhagur félagsins verður til sérstakrar umfjöllunar undir næsta fundarlið. Þar sést að reksturinn var jákvæður hjá félaginu á árinu 2015 en ekki má mikið út af bregða.

Félagslífið 2015 var með venjubundnum hætti og ber helst að nefna eftirfarandi:

Á mánuðagskvöldum var Skegg og skott að venju. Þemakvöld voru vinsæll og vel sótt, þar má nefna straumflugukvöld, Hjartar Oddsonarkvöld, þurrflugukvöld og fleira. Fræðandi erindi af ýmsum toga voru á dagskrá í Árósum á miðvikudagskvöldum fram eftir vori. Má þar m.a. nefna Þingvallakynningu, Flóamarkað, Meðferð afla - Silungur á 17 vegu og Adventukvöld svo fátt eitt sé nefnt. 16. apríl var svo ársvisst Vorblót okkar Ármanna þar sem Ólafur Óskar stjórnaði happdrætti að venju.

23.-24. apríl var árleg Hlíðarvatnshreinsun. Eins og oft áður mættu margar vinnufúsar hendur til að ganga strandlengju Hlíðarvatns og hirða upp allt rusl sem þar leyndist. Framvatnaferðin var á sínum stað um miðjan júní

Áróður kom fjórum sinnum út á árinu. Prentsmiðja Guðjóns Ó. prentar blaðið.

Í veiðisvæðaframboði seinasta sumars var Hlíðarvatn, vötnin sunnan Tungnaár á Landmannaafretti, Grímsá, Húseyjarkvísl, Laugardalsá, Fossá, Fremri Laxá á Ásum og Ósasvæði Laxár á Ásum. Einnig féll okkur í skaut holl á silungasvæði Vatnsdalsár. Vel var sótt í Hlíðarvatn að venju í maí og júní en minna í júlí og ágúst og minnst í september. Mest af boðnum veiðileyfum voru í umboðssölu til að lágmarka áhættu félagsins.

Samstarf félaganna við Hlíðarvatn var með hefðbundnum hætti. Sameiginlegur fundur var haldinn við Hlíðarvatn í húsi Stakkavíkur þann 29. október þar sem lagðar voru m.a. fram veiðiskýrslur með aflandiurstöðum. Í heild var afli 928 bleikjur og 15 sjóbirtingar. Um er að ræða 22% aukningu á milli ára, aukning hjá öllum félögum nema Ármönnum þar sem einungis voru skráðir 136 fiskar. Engar rannsóknir voru framkvæmdar í sumar af Veiðimálastofnun. Sunnudaginn 23. ágúst var Hlíðarvatnsdagurinn haldinn, árlegt samstarfsverkefni allra veiðifélaga við vatnið sem bjóða öllum sem veiða vilja og kynna vatnið áhugasömum. Var það í fjórða skiptið sem Hlíðarvatnsdagurinn er haldinn. Áfram munu félögin bjóða veiðimönnum á Hlíðarvatnsdaginn og verður sá dagur í sumar sunnudaginn 12. Júní.

Af vettvangi Landssambands stangaveiðifélaga er það helst að aðalfundur var haldinn 30. október hér í Árósum. Á honum var endurkjörinn formaður Viktor Guðmundsson. Ármenn eiga nú aðeins einn fulltrúa í stjórn, Árna Þór Sigurðsson. Ég mun gera nánari grein fyrir stöðu mála innan LS hér á eftir.

Góðir hálsar! Hér með lýkur lestri á skýrslu stjórnar.

Árni Þór Sigurðsson #382

Hlíðarvatnsdagurinn 12. júní.

Sunnudaginn 12. júní verður hinn árlegi Hlíðarvatnsdagur þar sem að veiðimenn, fjölskyldur þeirra, vinir og allir þeir sem vilja fá upplýsingar hvernig eigi að haga sér við veiðar í vatninu geta veitt endurgjaldslaust í Hlíðarvatni í Selvogi þennan dag. Veiðihús okkar Hlíðarsel verður opið og alltaf heitt á könnunni og meðði. Maður er manns gaman og vonandi verða veðurguðirnir okkur hliðhollir. Mjög vel hefur veiðst í vatninu í vor og fiskur vel haldinn. Nýjir veiðistaðir eru að líta dagsins ljós og til að mynda hefur ágætlega veiðst ofan brúar á Suðurstrandarveg.


margverðlaunaðar flugustangir

SÖLUSTADIR:
Krafla
Veiðihornið, Veiðflugur
og Veiðiportið í Reykjavík,
Flugukofinn í Keflavík og
Veiðvörur.is á Akureyri



Þann 6. apríl var flóamarkaðurinn vinsæli haldinn í annað sinn og óhætt að segja að hann sé komin til að vera. Í Árósa mætti fólk annað hvort til að selja varninga eða til að líta á það sem aðrir höfðu til sölu. Þá stóð stjórnin vaktina og seldi allskyns dót sem félaginu hefur áskotnast á einn eða annan hátt. Þökkum við þeim sem hafa verið félaginu innan handar með það.

Ingimundur frá Veidikortinu var með kortið á tilboði og Jón okkar Joakims var með eitthvað af sínum vörum á sama góða verðinu. Góður fjöldi fólks leit við í Árósum og margir gerðu reyfarakaup. Sjáumst að sama tíma að ári.

Seinna í apríl eða þann 16. var vorblótið haldið. Að venju var húsfyllir, öll borð þétt setin, allir stólar nýttir og staðið í hornunum.

Þessi mannfjöldi náði þó ekki að hesthúsa öllum veitingunum, því líkt var magnið og úrvalið. Algjörlega til fyrirmyndar hjá húsnefnd, svo ekki sé minnst á vinningana í happdrættinu vinsæla. Húsnefnd á bestu þakkir skilið fyrir undirbúning og umsjón vorblótsins. Eins ber að þakka Óla Skegg fyrir að stýra happdrættinu. Það væri kannski helst hægt að kvarta yfir því að undirritaður ásamt sínu föruneysi fékk engan vinning, sá eini á sínu borði. Að öllu gamni slepptu þá er þetta ávallt hin besta skemmtun og sérstaklega gaman að sjá hvað ungvíðið skemmtir sér vel, enda er fátt sem getur klikkað – hnallþórur, pönnsur og úrvals happdrætti. Ármenn vilja koma fram þakklæti til allra þeirra sem gáfu vinninga í happdrættið. Sjá má lista yfir gefendur vinninga á baksíðu blaðsins.

Skegg og skott verður Kast og kjaftæði.



Stefán kokkur skólar til veiðimann á Klambratúni

Nú er formlegu vetrarstarfi Ármanna lokið og menn ýmist farnir að slá lóðir, veiða eða mála húspök. En það er einnig hópur manna sem kemur sér fyrir á Klambratúninu á mánudagskvöldum kl 20:00 og stundar flugukastæfingar. Þarna gefst öllum tækifæri að slípa sig til undir handleiðslu manna með árhundruða reynslu (samanlagt) við veiðar með flugu. Fylgist með veðurspá því ekki er haldin kastæfing ef rigning er og/ eða vindur fer yfir 6 metra á sek sem er 4 gömul vindstig eða stinningsgola - laust ryk og pappírssneplar taka að fjúka, litlar trjágreinar bærast og lausamjöll byrjar að hreyfast. Endilega látið sjá ykkur.

Framvatnaferð 2016

Enn eitt árið stendur Guðmundur Haukur fyrir Ármannaferð upp í Framvötnin, en það kallast vatnaklasinn sunnan Tungnár á Landmannaafreitti.

Skuldlausir Ármenn veiða frítt þar. Í fyrra var frekar snjóbungt og var ekki fært uppeftir fyrr en síðla júní en Guðmundur veðjar á opnun fyrr í ár. Hann hefur fengið hús í Landmannahelli frá 16. til 19. júní. Allir hafa sinn hentugleika hvenær þeir koma og fara en verða þó að melda sig fyrst við landverði í Landmannahelli, bæði upp á gistingu og veiðileyfaskráningu. Og munið að hafa félagsskirteinið meðferðis. Engin klukka er í Framvötnum og ekkert því til fyrirstöðu að veiða fram á nótt ef þannig viðrar. Menn sammælast síðan stundum um að eiga samverustund í skálanum í kringum matarstúss á laugardagskvöldinu en það er engin kvöð. Menn eru líka oft að veiða í smáhópum eða að þvælast um í leit að ævintýrum eins og gengur. Bleikjan í Frostastaðavatni er með betri matfiskum sem hægt er að fá, og það er víst nóg til af henni.

Látið vita af ykkur á Facebooksíðu Ármanna eða með tölvupósti á gudmhaukur@gmail.com.



Ármenn þakka eftirtöldum einstaklingum og fyrirtækjum fyrir stuðninginn á vorblóti Ármanna.

Vesturröst

Árvík

Valitor

Veiðivon

Veiðihornið

Smurstöðin

Fosshálsi

Jóakims

Veiðiportið

Veiðikortið

Samhentir -

Umbúðalausnir

Bílaleiga

Akureyrar

Besta

Veiðipjónustan

Strengir

Ísleifur Jónsson

Krafla

Stefán Bjarni

Hjaltested

Þorsteinn

Þorsteinsson

Hjálmar

Sæbergsson

**I. Guðmunds-
son**

Promens

Reykofninn

Veiðiflugur

Garri

Veiðisport

Selfossi

Sel í Grímsnesi

LAX-Á

Einar Sigfússon

ProGastro

Útilíf

Jói Fel

Vélar og

verkfæri

Bílaverkstæði

Jóa

Würth

Vífilfell

Stjórn Ármanna býður nýja félagsmenn velkomna

| | |
|-----|----------------------|
| 882 | Snorri Heimisson |
| 883 | Viðar Arnarson |
| 884 | Stefán Þorleifsson |
| 885 | Kristinn Þór Jónsson |



 **WÜRTH**

Würth á Íslandi ehf.
wurth@wurth.is
www.wurth.is
Sími: 530 2000

3 verslanir

Vesturhrauni 5
210 Garðabæ
Bíldshöfða 16
110 Reykjavík
Freyjunesi 4
603 Akureyri

ARMENN
Landsfélag um þjóðlega náttúruvernd og stangveiði með flugu

Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík, sími 568 6051
Ritstjórn og ábyrgð: Garðar Þór Magnússon og Eiríkur Stefánsson
Umbrot: Dagur Jónsson. Prentun: Prentsmiðjan Guðjón Ó. www.armenn.is / armenn@armenn.is